



**AKUREYRARBÆR  
BORGARBRAUT - VESTURSÍÐA  
DEILISKIPULAG - TILLAGA  
SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR**

**ÚTGÁFA 0.0**

**15.06.2012**

**UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ**



**hönnun-skipulag**

1	Forsendur .....	3
1.1	Almennar upplýsingar.....	3
1.2	Afmörkun skipulagssvæðis og stærð .....	3
1.3	Skipulagsleg staða.....	3
1.4	Gögn deiliskipulags .....	4
1.5	Minjar .....	4
1.6	Núverandi aðstæður.....	4
2	Deiliskipulag .....	5
2.1	Borgarbraut og Brattasíða .....	5
2.1.1	Umferðarspá .....	5
2.1.2	Lega Borgarbrautar .....	5
2.1.3	Lega Bröttusíðu .....	5
2.1.4	Hönnunarforsendur.....	5
2.1.5	Hljóðvarnir.....	6
2.1.6	Stígakerfi.....	6
2.1.7	Bílastæði.....	7
2.2	Lóðir .....	7
2.3	Byggingarreitir .....	7
2.4	Veitur .....	7
2.4.1	Rafmagn og vatn .....	7
2.4.2	Fráveita.....	7
3	Almennir skilmálar .....	8
3.1	Almennt .....	8
3.2	Hönnun og uppdrættir.....	8
3.3	Mæliblöð.....	8
3.4	Sorpgeymslur og sorpgámar.....	8
3.5	Frágangur lóða.....	8
3.6	Íbúðarsvæði .....	9
3.6.1	Raðhús og fjölbýlishús við Vestursíðu 1-8.....	9
3.6.2	Fjölbýlishús við Vestursíðu 10-38.....	9

4	Umhverfisskýrsla.....	11
4.1	Áherslur og aðferðarfræði.....	11
4.2	Kynning og samráð .....	12
4.3	Umhverfisþættir .....	12
4.4	Umhverfisviðmið .....	12
4.5	Valkostir .....	13
4.5.1	Hagrænir þættir.....	13
4.5.2	Landslag.....	14
4.5.3	Heilsa og öryggi .....	14
4.5.4	Núll kostur .....	15
4.6	Tengsl við aðrar áætlanir .....	15
4.7	Samantekt og niðurstaða .....	15
	Heimildaskrá.....	16

# 1 Forsendur

## 1.1 Almennar upplýsingar

Skilmálar þessir gilda fyrir skipulagssvæðið, en það nær til götustæðis Borgarbrautar, frá Bugðusíðu í suðri að Bröttusíðu í norðri, ásamt aðliggjandi fullbyggðu íbúðarsvæði við Vestursíðu, austan götustæðisins (sjá nánar í kafla 1.2).

Hér er lýst almennum upplýsingum um deiliskipulagssvæðið og nágrenni þess.

*Verði breytingar á skilmálum þessum, verður þeirra getið í þessari grein, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er ónúmeruð, næsta útgáfa er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga og svo framvegis. Texti breytinga og/eða viðbóta er skásettur og svartletraður.*

## 1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af Vestursíðu í austri, af Bröttusíðu í norðri, af Bugðusíðu í suðri og af núverandi og fyrirhugaðri Borgarbraut í vestri. Innan skipulagssvæðisins er núverandi og fyrirhuguð framlenging Borgarbrautar til norðurs ásamt fullbyggðu íbúðarsvæði austan götunnar, hús sem standa við Vestursíðu.

Skipulagssvæðið er alls um 6,9 ha að flatarmáli.

## 1.3 Skipulagsleg staða

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er Borgarbraut heimiluð sem *tengibraut* en landnotkun nærumhverfis götunnar til vesturs er skilgreint sem *óbyggð svæði* en *íbúðarsvæði* til austurs. *Aðalstígur* liggur meðfram Bugðusíðu vestanverðri og *útvistarstígur* meðfram Bröttusíðu norðanverðri.

Meginhluti skipulagssvæðisins er skilgreindur í aðalskipulagi sem *íbúðarsvæði, fullbyggt og fullmótað hverfi í Síðuhverfi*.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag Borgarbrautar - Vestursíðu verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Innan skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulag fyrir tvö svæði. Annarsvegar er í gildi deiliskipulag fyrir fjölbýlishúsabyggð við Vestursíðu 10-38, sem samþykkt var 2. júní 1989. Hinsvegar er í gildi deiliskipulag fyrir raðhúsa- og fjölbýlishúsaþyrpingu við Vestursíðu 1-8, sem samþykkt var 2. ágúst 1991, breytt í október 1996 þegar samþykkt var að byggja tvö fjölbýlishús í þyrpingunni. Deiliskipulag fyrir þessi svæði verða felld úr gildi með gildistöku deiliskipulags fyrir Borgarbraut - Vestursíðu. Ástæða þess að gildandi deiliskipulag er fellt út gildi er að ný skipulagslög hafa í tvígang öðlast gildi á s.l. 15 árum og með þeim hafa áherslur breyst til muna hvað varðar framsetningu og innihald deiliskipulagsáætlana.

Deiliskipulag Giljahverfis nær yfir fullbyggt Giljahverfi sem er um 58 ha að stærð og liggur sunnan Borgarbrautar og vestan Hlíðarbrautar. Gera þarf breytingu á því deiliskipulagi sem fellst í því að minnka skipulagssvæðið um 0,8 ha og að samræma með því mörk deiliskipulags beggja megin Borgarbrautar.

#### **1.4 Gögn deiliskipulags**

*Deiliskipulag Borgarbrautar - Vestursíðu mun samanstanda af eftirtöldum gögnum:*

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfisskýrslu.
- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:1000 í A1.

#### **1.5 Minjar**

Vegna vinnu við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var unnin fornleifaskráning í landi Akureyrarbæjar. Engar fornminjar eru skráðar á skipulagssvæðinu.

#### **1.6 Núverandi aðstæður**

Á milli Borgarbrautar og Vestursíðu er svo til fullbyggt íbúðarsvæði. Næst Bugðusíðu er raðhúsa- og fjölbýlishúsabyggð sem byggð var á árunum 1984-1998. Um er að ræða þyrpingu mænishúsa á 1-2 hæðum sem sum eru með nýtanlegu risi. Heildarfjöldi íbúða í þyrpingunni er 34. Aðkoma að þyrpingunni er frá Vestursíðu. Svæðið er fullbyggt skv. gildandi deiliskipulagi, fyrir utan bílgeymslur sem gert er ráð fyrir við hús nr. 1 og nr. 5.

Vestan raðhúsabyggðarinnar eru fimm fjölbýlishús sem byggð voru á árunum 1991-1994. Húsin eru öll þrjár hæðir og með kjallara. Í hverju húsi eru 12-24 íbúðir og er heildarfjöldi íbúða 90. Aðkoma að húsunum er frá Vestursíðu. Svæðið er fullbyggt skv. gildandi deiliskipulagi, fyrir utan bílgeymslur sem gert er ráð fyrir á lóðum allra húsanna.

Stór hluti Borgarbrautar er þegar til staðar en upphaf götunnar er við Glerárgötu, austan Glerá. Innan skipulagssvæðisins liggur Borgarbraut frá gatnamótum við Bugðusíðu og að gatnamótum við Merkigil. Í gilandí aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Borgarbraut liggi áfram til norðurs frá Merkigli, á milli lóða við Vestursíðu og Urðargils, tengist inn á Síðubraut norðan þéttbýlisins og liggi svo áfram að sveitarfélagsmörkum. Fjarlægð á milli lóðarmarka við Vestursíðu og Urðargil er minnst um 35 m. Innan skipulagssvæðisins liggur Borgarbraut að Bröttusíðu og er svæðið sem gert er ráð fyrir að brautin fari um mólendi.

## 2 Deiliskipulag

### 2.1 Borgarbraut og Brattasíða

Fyrirhugað er að ráðast í lagningu Borgarbrautar frá Merkigili að Bröttusíðu sumarið 2013 og síðar áfram til norðurs að Síðubraut. Samtímis verður Brattasíða lengd frá Borgarsíðu til vesturs og tengjast inn á Borgarbraut.

Hámarkshraði á Borgarbraut verður 50 km/klst. en hámarkshraði á Bröttusíðu verður 30 km/klst.

#### 2.1.1 Umferðarspá

Umferðarspá var gerð fyrir Borgarbraut, frá Merkigili að Síðubraut, þegar í gildi var Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018.

Í skammtímaspá hennar var gert ráð fyrir að það verði u.p.b. 2-4 þúsund ökutæki á sólarhring á Borgarbraut, en í langtímaspánni var gert ráð fyrir að ökutæki á sólahring gætu orðið allt að 9 þúsund.

#### 2.1.2 Lega Borgarbrautar

Fyrirhugað er að ráðast í að framlengja tengibrautina Borgarbraut frá Merkigili í suðri að Bröttusíðu í norðri. Fyrirhuguð lenging Borgarbrautar innan skipulagssvæðisins er um 430 m.

Stór hluti Borgarbrautar er þegar til staðar en upphaf götunnar er við Glerárgötu og liggur hún þaðan upp með Glerá, þverar Hlíðarbraut og liggur að Merkigili. Í gilandí aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Borgarbraut liggi áfram til norðurs frá Merkigili, á milli lóða við Vestursíðu og Urðargils, tengist inn á Síðubraut norðan þéttbýlisins og liggur svo áfram að sveitarfélagsmörkum.

Gatan verður í eðlilegu framhaldi af núverandi Borgarbraut og mun hún greiða fyrir umferð um hverfið. Með tilkomu þessa kafla Borgarbrautar mun umferð um Vestursíðu minnka og þar með umferð um íbúðarbyggð.

#### 2.1.3 Lega Bröttusíðu

Samtímis framlengingu Borgarbrautar verður Brattasíða lengd frá Borgarsíðu til vesturs og mun hún tengjast inn á Borgarbraut. Fyrirhuguð lenging Bröttusíðu er um 100 m.

Gatan verður í eðlilegu framhaldi af núverandi Bröttusíðu og mun hún tengja Borgarbraut við Síðuhverfi.

#### 2.1.4 Hönnunarforsendur

Breidd Borgarbrautar vestan Hlíðarbrautar er 7,5 m og gert er ráð fyrir að fyrirhuguð lenging götunnar verði einnig 7,5 m að breidd. Gert er ráð fyrir um 2 m vegöxlum utan götukanta og að ekki verði kantsteinar meðfram götunni.

Breidd Bröttusíðu er 7,5 m og gert er ráð fyrir að fyrirhuguð lenging götunnar verði einnig 7,5 m að breidd. Gert er ráð fyrir kantsteinum meðfram Bröttusíðu eins og er meðfram núverandi hluta götunnar.

Uppgröftur beggja gatna verður um 1 m undir götuhæð en líklega verður Borgarbraut 0,5 hærri í landi en núverandi landhæð er á svæðinu. Talið að grafa þurfi út um 5.000 m<sup>3</sup> af efni úr götustæðunum og að fyllingarefnni undir götuna verði um 6.000 m<sup>3</sup>.

#### 2.1.5 Hljóðvarnir

Hámarksumferðarhraði á Borgarbraut mun vera 50 km/klst. Skv. hljóðkortum sem unnin voru til að kortleggja hávaða við Borgarbraut m.t.t. umferðarhraða og 9.000 bíla umferð á sólahring (langtímaspá) er þörf á hljóðvörnum beggja megin Borgarbrautar, til að ná jafngildishljóðstigi niður fyrir 55 dB við opnanlegan glugga eins og reglugerð um hávaða gerir ráð fyrir.

Við Urðargil er þörf á um 1,5 m háum hljóðvörnum við hús nr. 2, 4, 6 og 8, alls um 210 m að lengd. Gert er ráð fyrir að mönin nái lengra til suðurs en þörf er á og að hún verði um 260 m að lengd. Við Skessugil er þörf á um 1,5 m háum hljóðvörnum við hús nr. 3 og 5, alls um 80 m að lengd. Þörf á um 1,5 m háum hljóðvörnum við hús nr. 6, 8a, 8b og 18 við Vestursíðu, alls um 310 m að lengd. Þá er þörf á aðgerðum á húsnæðinu sjálfu við Vestursíðu 18 til að ná jafngildishljóðstigi niður fyrir 55 dB.

Þar sem pláss leyfir verða þessar hljóðvarnir jarðvegsmanir með grasyfirborði og gert er ráð fyrir trjágróðri í þyrringum í og við manirnar. Við Vestursíðu 6, 8a og 8b er ekki pláss fyrri jarðvegsmanir og er gert ráð fyrir um 1,5 m háum hljóðveggjum á lóðarmörkum, við gangstétt meðfram Borgarbraut.

Ekki verður ráðist í framkvæmd við hljóðveggi við Vestursíðu 6, 8a og 8b og aðgerðir á húsinu við Vestursíðu 18 fyrr en hljóðmælingar gefa tilkynna að hljóðstig sé komið yfir viðmiðunarmörk. Gert er ráð fyrir að umferð um Borgarbraut verði um 4.000 bílar á sólahring þegar gatan mun vera tekin í notkun og miðað við þá umferð er ekki gert ráð fyrir að þörf sé á hljóðvörnum við þessi hús.

Austan Borgarbrautar er jarðvegsmönin staðsett á milli götukants og göngustígs en vestan Borgarbrautar verður jarðvegsmönin á milli götukants og lóðarmarka. Við götukant Borgarbrautar verður um 2 m breitt grassvæði að mönunum beggja megin götunnar.

#### 2.1.6 Stígakerfi

Gert er ráð fyrir 3 m breiðum göngu- og hjólreiðastíg austan Borgarbrautar, frá Merkigili að Bröttusíðu. Gert er ráð fyrir að stígur þessu þveri Borgarbraut norðan Bröttusíðu og tengist inn á núverandi gangstétt sem liggur meðfram Bröttusíðu norðanverðri. Þá er gert ráð fyrir 2,5 m breiðum göngustíg vestan Borgarbrautar, frá gangbraut norðan Merkigils, sem mun svo víkja frá götunni og liggja norðan lóðarmarka raðhúsa við Vestursíðu 1, 4 og 6 og tengjast inn á gangstétt meðfram Vestursíðu.

Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir tveimur þverunum gangandi vegfarenda með gangbraut. Annarsvegar norðan gatnamóta Borgarbrautar og Merkigils og hinsvegar norðan gatnamóta Borgarbrautar og Bröttusíðu.

Með þessu stígakerfi um skipulagssvæðið mun aðgengi gangandi og hjólandi um svæðið verða mun betra en nú er og mun stígakerfið tengja Síðuhverfi og Giljahverfi betur saman.

### **2.1.7 *Bílastæði***

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við 64 gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998.

Á skipulagsuppdrætti má sjá kvöð um fjölda bílastæða innan hverrar lóðar. Sameignarlóð er fyrir bílastæði sem tilheyra fjölbýlishúsum við Vestursíðu 10-18. Þá er hluti bílastæða sem fyrir Vestursíðu 1-8 á sameignarlóð þessara húsa.

## **2.2 *Lóðir***

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru 11 fullbyggðar íbúðarlóðir auk tveggja sameignarlóðar, annarsvegar fyrir Vestursíðu 1-8 og hinsvegar fyrir Vestursíðu 10-18. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lóðum í deiliskipulagi þessu.

### **2.3 *Byggingarreitir***

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

## **2.4 *Veitur***

Frárennslislögn, ljósleiðari og háspennustrengir þvera fyrirhugaða lengingu Borgarbrautar í nánd við aðveitustöð við Merkigil. Samráð skal haft við Akureyrarbæ, Norðurorku og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir, og möguleika á færslu lagna.

### **2.4.1 *Rafmagn og vatn***

Norðurorka á Akureyri sér svæðinu fyrir rafmagni, neysluvatni og heitu vatni.

### **2.4.2 *Fráveita***

Öll mannvirki tengist fráveitukerfi Akureyrar. Kerfið er í samræmi við byggingarreglugerð nr. 441/1998 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

## **3 Almennir skilmálar**

### **3.1 Almennt**

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

### **3.2 Hönnun og uppdrættir**

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingareglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingareglugerð (441/1998).

Vanda skal til hönnunar bygginga sbr. byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjastjórn 12. júní 2001.

### **3.3 Mæliblöð**

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Byggingarreitur sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstéttu og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

### **3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar**

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við 84. gr. byggingareglugerðar (441/1998) í hverju tilviki.

### **3.5 Frágangur lóða**

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 3 í byggingareglugerð (441/1998).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

### **3.6 íbúðarsvæði**

Á milli Borgarbrautar og Vestursíðu er svo til fullbyggt íbúðarsvæði. Byggðin samanstendur annarsvegar af raðhúsum og litlum fjölbýlishúsum á 1-2 hæðum sem mynda kjarna og hinsvegar af stórum fjölbýlishúsum á þremur hæðum.

#### *3.6.1 Raðhús og fjölbýlishús við Vestursíðu 1-8*

Næst Bugðusíðu er raðhúsa- og fjölbýlishúsabyggð sem byggð var á árunum 1984-1998. Um er að ræða þyrpingu mænishúsa á 1-2 hæðum sem sum eru með nýtanlegu risi. Heildarfjöldi íbúða í þyrpingunni er 34. Aðkoma að þyrpingunni er frá Vestursíðu. Svæðið er fullbyggt skv. gildandi deiliskipulagi, fyrir utan bílgeymslur sem gert er ráð fyrir við hús nr. 1 og nr. 5.

Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar en auk þess eru skilgreindir byggingarreitir fyrir bílgeymslur innan lóða við hús nr. 1 og nr. 5.

Bílgeymslur skulu að hámarki vera 7 m að dýpt og breidd þeirra skal að hámarki vera marfelli af 3,6 m (fjöldi eininga x 3,6 m). Þak skal vera einhalla og þakhalli má vera frá 7-10°. Útlit hvorrar bílgeymslu skal vera í góðu samræmi við útlit íbúðarhúsa.

Innan allra lóða og við hverja íbúð er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála, innan byggingarreits. Sólstofur fyrir hverja íbúð skulu að hámarki vera  $15\text{ m}^2$  og  $45\text{ m}^3$ .

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hverrar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

#### *3.6.2 Fjölbýlishús við Vestursíðu 10-38*

Vestan raðhúsabyggðarinnar eru fimm fjölbýlishús sem byggð voru á árunum 1991-1994. Húsin eru öll þrjár hæðir og með kjallara. Í hverju húsi eru 12-24 íbúðir og er heildarfjöldi íbúða 90. Aðkoma að húsunum er frá Vestursíðu. Svæðið er fullbyggt skv. gildandi deiliskipulagi, fyrir utan bílgeymslur sem gert er ráð fyrir á lóðum allra húsanna.

Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar en auk þess eru skilgreindir byggingarreitir fyrir bílgeymslur innan lóða fjölbýlishúsanna.

Bílgeymslur skulu að hámarki vera 7 m að dýpt og breidd þeirra skal að hámarki vera marfelli af 3,6 m (fjöldi eininga x 3,6 m). Þakhalli má vera frá 0-22°. Þakbrún má mest vera 2,7 m yfir gólfkóta.

Innan allra lóða og við hverja íbúð á jarðhæð er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála, innan byggingarreits. Sólstofur fyrir hverja íbúð skulu að hámarki vera  $15\text{ m}^2$  og  $45\text{ m}^3$ . Þá er heimilt að byggja sólstofur á svöllum íbúða sem ekki eru á jarðhæð. Stærð sólstofa má ekki vera meiri en stærð svala í hverju tilfelli.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hverrar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsuppdrætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingsar.

## **4 Umhverfisskýrsla**

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd lengingar Borgarbrautar skv. deiliskipulagsi þessu er líkleg til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulagstillögu hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Í matsvinnu var skoðað hvernig tillaga að deiliskipulagi kann að hafa áhrif á umhverfið, sbr. matslysingu, en megin áhersla umhverfismats var á hljóðvist.

Mismunandi valkostir voru ekki til samanburðar í þessu umhverfismati.

Umhverfisskýrslan er unnin af X2 hönnun-skipulag ehf. í samráði við skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

### **4.1 Áherslur og aðferðarfræði**

Í vinnu við deiliskipulag var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Við umhverfismat deiliskipulagsins var stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis. Einnig var unnin hljóðskýrsla fyrir lengingu Borgarbrautar ásamt umferðaspá og voru þau gögn nýtt við gerð deiliskipulagsins og umhverfisskýrslu þess.

Þau gögn sem til eru um grunnsástand umhverfis eru m.a. eftirfarandi:

- Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Greinargerð og uppdrættir.
- EFLA verkfræðistofa, janúar 2012. Minnisblað. Áætluð umferð á nýrri Borgarbraut í framhaldi af núverandi götu. Unnið fyrir Akureyrarbæ.
- EFLA verkfræðistofa, apríl 2012. Borgarbraut, Bugðusíða-Síðubraut. Hljóðkort. Unnið fyrir Akureyrarbæ.
- EFLA verkfræðistofa, júní 2012. Borgarbraut, Bugðusíða-Síðubraut. Hljóðkort. Unnið fyrir Akureyrarbæ.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

## **4.2 Kynning og samráð**

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

- *Skipulagsstofnun*
  - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun*
  - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa á hljóðvist og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.*

## **4.3 Umhverfispættir**

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru eftirfarandi umhverfispættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- *Hagrænir þættir*
  - *Samgöngur*
- *Landslag*
  - *Sjónræn áhrif*
- *Heilsa og öryggi*
  - *Hljóðvist*
  - *Umferðaröryggi*
  - *Loftgæði*

Aðrir umhverfispættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum innan deiliskipagssvæðisins.

Sá umhverfispáttur sem talið er að geti orðið fyrir mestum umhverfisáhrifum er hljóðvist, vegna nálægðar við íbúðarbyggð.

Gerð verður grein fyrir mögulegum mótvægisgerðum þar sem að umhverfisáhrif eru í einhverjum af áðurtöldum þáttum talin vera veruleg.

## **4.4 Umhverfisviðmið**

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulagi eru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018*

- *Sérstaklega hvað varðar samgöngur og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.*
- *Skipulagslög nr. 123/2010.*
  - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
  - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*
  - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Reglugerð um hávaða*
- *Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri, 3. útgáfa, verkefni 2010-2012.*

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
  - *Deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.*
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
  - *Deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.*
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
  - *Deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.*

## **4.5 Valkostir**

Borin eru saman möguleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulagsins við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, núll kost.

Þá er fjallað um hvernig deiliskipulagið fellur að meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags Akureyrar.

### **4.5.1 Hagrænir þættir**

- *Samgöngur*  
Framkvæmd lengingar Borgarbrautar og Bröttusíðu skv. deiliskipulagi mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur. Framkvæmdin mun léttu umferð af Vestursíðu og draga umferð þannig út úr íbúðarhverfi. Þá mun framkvæmdin skapa heilsteyptara gatnakerfi Akureyrar og stuðla að jafnari dreifingu umferðar. Þá gerir deiliskipulagið ráð fyrir göngu- og hjólarreiðastíg meðfram Borgarbraut og tengingum inn í hverfin umhverfis, en með því mun

aðgengi gangandi og hjólandi batna til muna um svæðið og tengingar við aðliggjandi hverfi verða betri.

#### 4.5.2 *Landslag*

- *Sjónræn áhrif*

Sjónræn áhrif á yfirbragð hverfisins eru talin vera óveruleg vegna framkvæmdar Borgarbrautar og Bröttusíðu skv. deiliskipulagi. Ljóst er að gatan og hljóðvarnir umhverfis hana geta valdið staðbundnum neikvæðum sjónrænum áhrifum í íbúðarbyggð en með útfærslu á hljóðvörnum og umhverfi götunnar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir að þessi áhrif verði veruleg. Borgarbraut mun liggja á milli tveggja hverfa og því er ekki talið að áhrif á yfirbragð hvors hverfis fyrir sig verði veruleg.

#### 4.5.3 *Heilsa og öryggi*

- *Hljóðvist*

Í umhverfismatinu voru fyrilliggjandi gögn frá EFLU verkfræðistofu um hljóðvist við Borgarbraut rýnd. Í þeim gögnum var komist að þeirri niðurstöðu að grípa þurfi til mótvægisáðgerða á nokkrum stöðum meðfram Borgarbraut til að draga úr áhrifum á íbúðarbyggð og ná viðmiðunargildum reglugerðar um hljóðvist.

Grípa þarf til mótvægisáðgerða vegna hávaða frá umferð Borgarbraut við hús við Vestursíðu og Urðargil. Mótvægisáðgerðum verður hagað í samræmi við niðurstöður útreikninga og er gert ráð fyrir hljóðvörnum meðfram íbúðarbyggð. Með þeim aðgerðum verður hljóðstig í öllum tilfellum innan við viðmiðunarmörk sem er 55 dB. Gera þarf sérstakar aðgerðir á fjölbýlishúsi við Vestursíðu 18 til að ná hljóðstigi niður fyrir viðmiðunarmörk

Með tilliti til mótvægisáðgerða verða áhrif umferðar um Borgarbraut á hljóðvist óveruleg.

- *Umferðaröryggi*

Útfærsla á lengingu Borgarbraut miðast við að takmarka hámarksumferðarhraða við 50 km/klst. Á þessum kafla er á tveimur stöðum gert ráð fyrir gangbraut.

Þar sem Borgarbraut liggur á milli tveggja skólahverfa er ekki gert ráð fyrir að þverun gangandi og hjólandi yfir götuna verði verulega mikil. Að þeim sökum er ekki talin þörf á gangbrautarljósum við þær tvær gangbrautir sem gert er ráð fyrir innan skipulagssvæðisins, fremur en við þær gangbrautir sem fyrir eru á Borgarbraut.

Framkvæmdin sem áætlunin leiðir af sér er talin hafa óveruleg áhrif á umferðaröryggi.

- *Loftgæði*

Framkvæmd Borgarbrautar og Bröttusíðu skv. deiliskipulagi mun hafa óveruleg áhrif á loftgæði.

Ekki voru í þessu umhverfismati gerðar sérstakar mælingar eða útreikningar til að meta umfang loftmengunar vegna framtíðar umferðar á Borgarbraut. Til að greina frá mögulegu

umfangi loftmengunar vegna útblásturs bíla og svifryks frá umferð var litið til útreikninga og mælingar fyrir ýmsar stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu þar sem umferð og hraði er mun meiri en áætlað er á Borgarbraut. Sem dæmi má taka Hallsveg og Arnarnesveg en á þessum götum er gert ráð fyrir a.m.k. þrefalt meiri umferð en um Borgarbraut en samt sem áður er niðurstaða útreikninga í megin dráttum sú að almennt verður loftmengun vegna útblásturs bílaumferðar undir viðmiðunarmörkun reglugerðar nr. 251/2002.

Skv. umferðarspám má gera ráð fyrir að umferð um Borgarbraut verði allt að 9.000 bílar á sólahring og ekkert bendir til þess að slík umferð muni hafa veruleg staðbundin áhrif á loftgæði í nánd við Borgarbraut.

#### 4.5.4 Núll kostur

Núll kostur er sá möguleiki að ekki verði ráðist í framkvæmd við lengingu Borgarbrautar og Bröttusíðu og að núverandi ástand muni ríkja áfram innan deiliskipulagssvæðisins.

Í öllum tilfellum er núll kostur, núverandi ástand, talin hafa óveruleg áhrif á umhverfispætti.

#### 4.6 Tengsl við aðrar áætlunar

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

#### 4.7 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að deiliskipulagið í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið. Áhrif á samgöngur eru talin vera jákvæð en ekki er talið að neikvæð áhrif verði á umhverfispætti.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Umhverfispættir		Borgarbraut skv. deiliskipulagi	Núll kostur
Hagrænir þættir	Samgöngur	+	0
Landslag	Sjónræn áhrif	0	0
Heilsa og öryggi	Hljóðvist	0	0
	Umferðaráöryggi	0	0
	Loftgæði	0	0

## **Heimildaskrá**

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Greinargerð og uppdrættir.

EFLA verkfræðistofa, janúar 2012. *Minnisblað. Áætluð umferð á nýrri Borgarbraut í framhaldi af núverandi götu.* Unnið fyrir Akureyrbæ.

EFLA verkfræðistofa, apríl 2012. *Borgarbraut, Bugðusíða-Síðubraut. Hljóðkort.* Unnið fyrir Akureyrbæ.

EFLA verkfræðistofa, júní 2012. *Borgarbraut, Bugðusíða-Síðubraut. Hljóðkort.* Unnið fyrir Akureyrbæ.